

Reykjavík, 13.02.2015

Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.

**Efni: Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar – Athugasemdir
Orkuveitu Reykjavíkur (OR)**

Orkuveita Reykjavíkur gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Veitupjónusta, lykilmælikvarði

Í athugasemdum Orkuveitu Reykjavíkur frá 8. september 2014 um skýrslu valkosta að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 segir eftirfarandi: „OR telur að í skýrslunni væri eðlilegt að leggja meiri áherslu á framleiðslu á heitu og köldu vatni, veitukerfi og þjónustu þeirra en nú er gert.“ OR ítrekar þessa athugasemd.

Samkvæmt tölu Orkustofnunar er hlutur jarðhita í frumorkunotkun landsmanna um 67%. Stærstur hluti þessarar orkunýtingar er vegna hitaveitna. Í ljósi þess hve orkuöflun fær mikið rými í tillögu að landsskipulagsstefnu, kemur á óvart að gildi hitaveitnanna og jarðhitánýtingar í og við þéttbýli fái ekki meira vægi.

Ferðaþjónusta og orka

Í fyrri athugasemdum OR var vakin athygli á því að umhverfis- og samfélagsáhrif atvinnugreina væru metin með mismunandi hætti. Í athugasemdum segir: „Afhendingaröryggi rafmagns og tækifæri tengd aukinni orkuframleiðslu hafa mjög víðtæk jákvæð áhrif á byggð, samfélag, atvinnu og orku og OR telur að greining sem legði jafnari áherslu á alla atvinnuvegi myndi gefa aðra niðurstöðu en sú greining sem birt er í skýrslunni.“

Nú er í umræðunni nauðsyn þess að verja áhugaverða staði í byggð sem í óbyggðum fyrir spjöllum vegna ferðaþjónustu. OR bendir á að þessi umhverfisáhrif atvinnugreinarinnar mættu fá skýrari umfjöllun í stefnunni.

Virðingarfyllst,

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur



Pórgeir Einarsson
tæknipróunarstjóri

Afrit: Samorka